

Ársfundur Birtu lífeyrissjóðs var haldinn miðvikudaginn 3. maí 2023 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík. Fundurinn hófst kl. 17:00.

Hrönn Jónsdóttir, stjórnarformaður Birtu, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hrönn gerði að tillögu sinni að Ingi S. Ólafsson sem sæti á í fulltrúaráði launamanna hjá Birtu stjórn fundinum og var sú tillaga samþykkt. Ingi gerði tillögu um að Sigurbjörn Einarsson lánastjóri Birtu yrði fundarritari og var það samþykkt.

Fundarstjóri gerði grein fyrir boðun fundarins sem skal vera í samræmi við gr. 6.1. í samþykktum Birtu. Fundurinn var auglýstur á heimasíðu Birtu og með rafrænu fundarboði til aðildarfélaga og aðildarfyrirtækja, dagsettu 31. mars 2023. Birt var fundarauglýsing í Morgunblaðinu 24. mars 2023, í Viðskiptablaðinu 29. mars 2023 og aftur í Morgunblaðinu 8. apríl 2023. Þá var fundurinn auglýstur í Ríkisútvarpinu 25. apríl 2023. Loks voru fulltrúar minntir á fundinn með rafrænu fundarboði eða símhringingum eftir því sem við átti. Lýsti fundarstjóri fundinn því lögmætan og var gengið til dagskrár.

Á fundinn mættu 54 aðilar með atkvæðarétt og fundinum er einnig streymt á heimasíðu Birtu.

Dagskrá fundarins er skv. gr. 6.5. í samþykktum sem hér segir:

- 1 Skýrsla stjórnar um starfsemi sjóðsins á liðnu starfsári, sbr. 41. gr. laga nr.129/1997
- 2 Kynning og afgreiðsla ársreiknings
- 3 Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun, sbr. 24. gr. laga nr.129/1997
- 4 Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins
- 5 Gerð grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins
- 6 Starfskjarastefna sjóðsins
- 7 Laun stjórnarmanna og nefnda á vegum sjóðsins
- 8 Gerð grein fyrir stjórnarkjöri, samkvæmt grein 5.1
- 9 Kjör endurskoðanda
- 10 Breytingar á samþykktum sjóðsins sem tóku gildi 1. janúar 2023
- 11 Önnur mál

Fundarstjóri vakti athygli á því að fundinum er streymt á vef Birtu lífeyrissjóðs og bað þá sem taka þátt í fundarstörfum á þann hátt einnig velkomna.

Fundarstjóri leggur til að liðir 1, 2 og 3 verði teknir fyrir hver á eftir öðrum og orðið gefið laust eftir framsögu um alla dagskrárliðina þar sem skýrsla stjórnar og tryggingafræðileg athugun er hluti af ársreikningi sjóðsins. Engar athugasemdir komu fram um þetta og gefur fundarstjóri Hrönn Jónsdóttur stjórnarformanni Birtu orðið.

1. liður dagskrár – Skýrsla stjórnar

Skýrsla stjórnar, Hrönn Jónsdóttir.

Árið 2022 var erfitt ár en þrátt fyrir þunga eignamarkaði og verðbólguþot getum við verið stolt af starfseminni. Við höfum brugðist við því sem við getum brugðist við og fylgjumst vel með áhættu og ytri þáttum. Okkur hefur tekist að hagræða og lækka kostnaðarhlutföll án þess að skerða þjónustu enn eitt árið. Í stórum lífeyrissjóði eins og Birtu er auðvelt að missa stjórn á kostnaði og þess vegna byggjum við aðhaldskröfuna á skynsemi og útgjöld eru vel ígrundið. Við viljum ekki að aðhald bitni á gæðum þjónustu og rekstrar og teljum okkur hafa hagrætt með langtímaávinning í huga. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður sem hlutfall af meðalstöðu eigna hefur lækkað stöðugt frá árinu 2016 úr 0,22%

niður í 0,14% á síðasta ári. Á sama tímabili hefur vegin hækkun verðlags og launa hækkað um 40% en kostnaður Birtu hefur hækkað um 24% á sama tíma en það jafngildir 2,7% kostnaðarhagræði í rekstrinum á ári yfir 6 ára tímabil. Þessi árangur hefur náðst með skynsamlegu aðhaldi, endurskipulagningu og hagnýtingu upplýsingatækninnar. Starfsfólk hefur tekið virkan þátt í ferlinu og ánægjulegt að sjá að samkvæmt vinnustaðakönnun VR þá ríkir heilbrigður og eðlilegur starfsandi á vinnustaðnum. Það getur verið flókið að hagræða í rekstri og það skiptir okkur öll máli að vel takist til. Stöðugildi á síðasta ári mældust 27 og fækkaði þeim milli ára en stöðugildunum hefur fækkað um 3,5 síðan 2016. Yfir þetta tímabil hefur Birta stækkað mikið og okkur hefur tekist vel til við krefjandi aðstæður. Stjórn finnur að starfsfólk Birtu brennur fyrir það sem það gerir og kappkostar að veita stjórn og sjóðsfélögum góðar upplýsingar og þjónustu. Stjórn hefur endurskoðunarnefnd sér til stuðnings sem fylgist með eftirlitsstarfsemi sjóðsins. Þegar við höldum því fram að kostnaðarvitund bitni ekki á gæðum þá horfum við til athugasemda innri- og ytri endurskoðenda sjóðsins. Þær benda til þess að starfsfólk fylgi í öllu lögum og reglum og kappkosti við að læra af þeim frávikum sem upp koma en öll frávik í starfsemi eru skráð og nýtt í umbótastarfi.

Eignamarkaðir á síðasta ári voru erfiðir og mældist nafnávöxtun samtryggingardeildar neikvæð um 1,5% sem jafngildir 9,9% neikvæðri raunávöxtun. Meðalraunávöxtun samtryggingardeildar síðustu 5 árin er 4,1%. Okkur hefur tekist að byggja upp öflugna og sjálfstæða eigna- og áhættustýringu sem hefur frelsi til athafna innan þeirra marka sem stjórn setur í stefnuskjölum. Ávöxtun og áhætta eignasafns sjóðsins er innan þeirra vikmarka sem stjórn hefur sett og stenst fyllilega samanburð við aðra sambærilega sjóði.

Birta birtir nú í fjórða sinn ársskýrslu í samræmi við alþjóðlega sjálfbærniáætla og sjóðurinn hefur tekið þátt í umræðum um langtímasjónarmið sem tengjast sjálfbærni og erum vel í stakk búin að takast á við þær áskoranir sem bíða okkar varðandi upplýsingamiðlun um sjálfbærni.

Á síðasta ári brást stjórn við samþykkt fjármála- og efnahagsráðuneytisins varðandi nýjar tillögur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um breyttar forsendur reiknigrunnis um lífslíkur. Breytingin felur í sér að nú er horft á væntar lífslíkur til framtíðar í stað þess að horfa til reynslu fyrri ára. Innleiddar voru í samþykktir Birtu nýjar forsendur um réttindaávinnslu til framtíðar byggt á þessum nýju forendum um lífslíkur til að tryggja tryggingafræðilegt jafnvægi. Neikvæð ávöxtun síðasta árs leiðir þrátt fyrir það til halla á áföllnum réttindum.

Það er mat stjórnar að starf hennar hafi endurspeglad heilbrigða og góða stjórnarhætti á síðasta ári. Stjórn birtir þetta mat í ársskýrslunni eins og áður og með ársreikningi og ársskýrslu leggjum við starfið og árangurinn fram til umræðu.

Hrönn þakkar að lokum stjórn og starfsfólki sjóðsins fyrir ánægjulegt og árangursríkt samtarf og sjóðsfélögum fyrir samfylgdina á árinu 2022.

2. liður dagskrár – Kynning og afgangsla ársreiknings

Fundarstjóri bauð Ólafi Sigurðssyni framkvæmdastjóra Birtu að gera grein fyrir ársreikningi sjóðsins.

Árs- og sjálfbæriskýrsla Birtu er nú gefin út í fjórða sinn á netinu, ársreikningurinn sjálfur er gefin út á pappír og liggur frammi en ársskýrslan sjálf er eingöngu gefin út á netinu. Ólafur hvetur alla til að kynna sér og lesa skýrsluna vel.

Ársskýrslan er nú gefin út í fjórða sinn samkvæmt GRI, alþjóðlegum grunnstöðlum um skýrslugjöf. Með þessari framsetningu veitum við ítarlegri upplýsingar og dýpri mynd af starfseminni og áhrifum hennar á samfélagið. Á næstu misserum verður það mikil áskorun að innleiða nýtt ESB regluverk og tilskipanir í tengslum við sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækja (e. CSRD), innleiðingu vegna reglugerða um flokkunarkerfi fyrir sjálfbæran rekstur (e. EU Taxonomy) og innleiðingu reglugerða um upplýsingagjöf um sjálfbærni í fjármálaþjónustu (e. SFDR). Í skýrslunni er kafli um GRI og þar sjást helstu markmið og mælikvarðar flokkuð með tilvísun í GRI mælikvarðana. Núna birtum við hluta af þeim upplýsingum sem okkur verður skylt að upplýsa ef fyrirliggjandi tilskipanir verða innleiddar eins og drögin bera með sér.

Lykiltölur úr starfseminni 2022 eru að greidd iðgjöld til sjóðsins námu um 21,5 milljörðum króna og er virkum sjóðfélögum að fjölga en þeir voru 20.385 á árinu. Hrein raunávöxtun var neikvæð um 9,9% á síðast ári og tryggingafræðileg staða er neikvæð um 6,38%. Sjóðurinn þarf ekki að bregðast við vegna þessa samkvæmt lögum en nánari umfjöllun um tryggingafræðilega stöðu verður hér á eftir.

Samkvæmt lögum um ársreikninga skal stjórn veita glöggt yfirlit yfir árangur í rekstri, stöðu sjóðsins og þróun ásamt lýsingu á megináhættu og óvissuþáttum sem sjóðurinn stendur frammi fyrir. Árangursmat Birtu er tilraun til að leggja mat á það sem mestu máli skiptir í rekstrinum og er sett fram til að hvetja til umræðu um árangurinn og til að upplýsa sjóðfélaga um reksturinn eins vel og hægt er.

Við skilgreinum 7 mælikvarða sem lykilmælikvarða sem við birtum en þeir eru ekki allir upp á milli ára. Mig langar að fara yfir þessar mælikvarða, hvernig við skilgreinum þá og af hverju þeir skipta máli. Einkunnagjöfin er á bilinu 1 – 5 þar sem 5 er hæsta einkunn og 1 lægsta.

Árangursmat



- Nýliðun og ánægja sjóðfélaga (4,2) – rétthöfum fjölgaði um 1,4% milli ára og nú eiga yfir 101 þús. manns réttindi í samtryggingardeild Birtu, virkum greiðendum sem greiða allt árið fjölga um 1,7% milli ára og eru þeir 16.462 í samtryggingu og 2.433 í séreign.

- Ávöxtun eigna (4,4) – hrein nafnávöxtun var neikvæð um 1,5% og hrein raunávöxtun ársins var neikvæð um 9,9%. Er góður árangur að skila neikvæðri ávöxtun eignasafnsins? Það fer eftir því hver ávöxtun viðmiðunarvísitalna og -sjóða er á sama tímabili. Þegar nær allir eignamarkaðir sem Birta fjárfestir á eru að skila neikvæðri ávöxtun þá teljum við það ágætis árangur að vera nánast að halda

verðgildi eigna milli ára. 5 og 10 ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar er enn vel yfir þeim lögbundnu mælikvörðum sem um starfsemina gilda og hefur sjóðurinn getu til að taka á sig eitt erfitt ár. Þrátt fyrir neikvæða ávöxtun í fyrra þá náði sjóðurinn betri ávöxtun en viðmiðunarvísitölurnar.

FIMM ÁRA YFIRLIT SAMTRYGGINGARDEILDAR

	2022	2021	2020	2019	2018
Ávöxtun					
Hrein raunávöxtun*	(9,90%)	10,11%	8,89%	11,21%	1,74%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ár*	4,10%	7,38%	5,01%	4,93%	4,09%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ár*	4,48%	6,33%	5,53%	4,74%	3,30%

- Tryggingafræðileg staða (4,1) – Lífeyrisþegar hjá Birtu eru 16.638 og fjölgaði þeim um 4,7% milli ára. Lífeyrisgreiðslur samtryggingardeildar námu 16.1milljarði á árinu sem er 15% aukning milli ára. Lífeyrisbyrðin, þ.e. lífeyrisgreiðslur í hlutfalli við iðgjaldagreiðslur, var 81,47% en var 76,26% árið áður. Meðalaldur við upphaf tóku lífeyris er 66 ár.

Ólafur vekur athygli á einum litlum málaflokki í rekstri Birtu, málaflokki sem vegur mjög þungt fyrir þá fáu aðila sem njóta þess að fá greiddar fjölskyldubætur við fráfall sjóðfélaga sem fellur skyndilega frá. Hafa þann tilgang að létta undir með nánustu aðstandendum þegar ungir sjóðfélagar falla frá og skiptast fjölskyldubæturnar í maka- og barnagreiðslur. Á árinu 2022 voru greiddar út 48,6m.kr. í fjölskyldubætur vegna fráfalls 14 sjóðfélaga, 44,8m.kr. til maka og 3,8m.kr. til barna.

- Árangursmat stjórnar (4,5) – Birta er eitt fárra fyrirtækja sem birtir þessar upplýsingar. Stjórn gerir árlegt sjálfs- og árangursmat sem er kynnt og rætt á fundi stjórnar. Stjórnin fundar einu sinni á ári án stjórnenda sjóðsins þar sem störf stjórnenda og frammistaða framkvæmdastjóra eru rædd sérstaklega. Í ársskýrslunni er fjallað sérstaklega um stjórnarhættina, þar er stjórnháttaryfirlýsing og fjallað um hagsmunagæslu. Þetta skiptir miklu máli í ljósi stærðar sjóðsins og fjölda rétthafa.

- Starfsfólk (4,4) – Birta tekur þátt í árlegri könnun VR og er öllum starfsmönnum boðin þátttaka óháð stéttarfélagsaðild. Mæling á starfsanda hefur vaxið undanfarin ár og var einkunnin 4,3 í síðustu könnun, samstilltur hópur starfsfólks vinnur hjá Birtu sem vill gera vel. Birta hefur sett sér það markmið um að halda áfram á sömu braut og gera enn betur á komandi árum.

- Viðskiptaþróun, kostnaður og skilvirkni (4,3) – Sjóðurinn dregur úr kostnaði og höfum við náð að hagræða og draga úr kostnaði frá sameiningu. Kostnaðurinn hjá okkur er að lækka að teknu tilliti til verðlags og nam hann sem hlutfall af meðalstöðu hreinnar eignar 0,14% á árinu 2022 og lækkar fimmta árið í röð. Kostnaðarviðmið Birtu hefur hækkað um 44% frá stofnun sjóðsins árið 2016 en kostnaður Birtu hefur vaxið um 24% á sama tíma. Það jafngildir um 2,7% árlegu hagræði en á sama tíma hefur þjónusta bæði verið bætt og aukin. Mikið af þeim kostnaði sem Birta greiðir er sjóðnum skylt að greiða og eru það t.d. eftirlitsgjöld og opinber gjöld ýmiskonar, þau hafa hækkað umfram verðlag. Ólafur bendir á að í skýringu 7 í ársreikningnum er að finna sundurliðun á skrifstofu- og stjórnunarkostnaði sjóðsins.

Samstarf og samvinna – sjóðurinn vill stuðla að jafnvægi milli efnahags, umhverfis og samfélags með sjálfbærni að leiðarljósi. VIRK endurhæfingarsjóður er gott dæmi um slíkt. Sjóðurinn hefur náð að uppfylla öll skilyrði um persónuvernd og neytendavernd skiptir okkur miklu máli. Skattspor Birtu eykst um 800m.kr. milli ára og er um 3,8 milljarðar á árinu 2022. Skattgreiðslur lífeyrisþega fara vaxandi milli ára og er það mikilvægt framlag til samfélagsins og þjóðarbúsins almennt.

Við höfum reynt að tengja starfsemi sjóðsins við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og markmið 3 í heimsmarkmiðunum er heilsa og vellíðan, að tryggja góða heilsu og vellíðan allra aldurshópa. Ef okkur tekst að draga úr örorku með virkri endurhæfingu þá verða fleiri einstaklingar á vinnumarkaði en á bótum, það dregur úr kostnaði samfélagsins og Birtu. Lögbundið framlag Birtu til VIRK er um 130m.kr. á árinu 2022, Birta styrkir og hvetur starfsfólk til hreyfingar og líkamsræktar og varðandi fjárfestingar sjóðsins á þessu sviði þá er Össur dæmi um slíka fjárfestingu. Stefnumarkmið félagsins er að bæta hreyfanleika fólks með tækni, rannsóknum og nýsköpun.

Ársreikningur Birtu fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög og reglur og er hann áritaður af endurskoðanda sjóðsins án fyrirvara. Endurskoðunarnefnd hefur fjallað ítarlega um reikninginn sem og stjórn sjóðsins. Fjármálaeftirlit Seðlabankans er í reglulegum samskiptum við sjóðinn og sinnir eftirlitshlutverki og innri endurskoðun frá KPMG hefur farið yfir starfsemina og skilað skýrslu til stjórnar. Engar athugasemdir eru gerðar við starfsemina í þessum úttektum og eftirliti.

Ólafur lýkur máli sínu.

Fundarstjóri þakkar Ólafi fyrir og býður þá Björn Bennewitz tryggingastærðfræðing sjóðsins að koma og gera grein fyrir úttekt sinni á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins.

3. liður dagskrár – Tryggingafræðileg athugun

Björn Bennewitz tryggingastærðfræðingur gerir grein fyrir úttekt sinni og tryggingafræðilegri stöðu samtryggingardeildar Birtu. Staða sjóðsins hefur breyst frá fyrra ári. Áunnin staða sjóðsins er neikvæð um 10,1% en var jákvæð um 0,8% á fyrra ári og skýrist sú breyting á neikvæðri ávöxtun eigna sjóðsins á tímabilinu. Framtíðarstaðan er jákvæð um 1,7% en hún var neikvæð um 8,9% á fyrra ári og skýrist sú breyting á nýjum réttindatöflum sem sjóðurinn hefur innleitt og verður farið betur yfir hér á eftir. Heildarstaðan, tryggingafræðileg staða, er þá neikvæð um 6,38% en var neikvæð um 2,5% á fyrra ári. Það þýðir að heildarskuldbindingar sjóðsins eru 6,38% umfram heildareignir. Allar forsendur útreikninga eru óbreyttar frá fyrra ári en réttindaöflun hefur breyst frá áramótum. Ávöxtun eigna náði ekki að halda í við hækkun skuldbindinga vegna réttinda sem fylgja vísitölu neysliverðs til verðtryggingar.

Björn lýkur yfirferð sinni og þakkar fyrir.

Fundarstjóri þakkar Birni fyrir sína yfirferð. Nú hafa stjórnarformaður, framkvæmdastjóri og tryggingastærðfræðingur flutt skýrslu stjórnar, farið yfir ársreikning sjóðsins og gert grein fyrir tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins. Áður en dagskrárliðir 1, 2 og 3 eru bornir undir atkvæði þá er orðið laust um þessa þrjá dagskrárliði.

Beðið var um nánari skýringar á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins og þeim breytingum sem gerðar hafa verið á réttindatöflum. Fundarstjóri svarar og tekur fram að Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur komi seinna inná fundinn og geri grein fyrir breyttum réttindatöflum og þeim samþykktarbreytingum sem tóku gildi um síðustu áramót.

Ekki komu fram fleiri spurningar og er mælendaskrá lokað og gengið til atkvæðagreiðslu um ársreikninginn.

Ársreikningurinn var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

Næst á dagskrá fundarinn er yfirferð á fjárfestingarstefnu sjóðsins og bauð fundarstjóri Soffíu Gunnarsdóttur, forstöðumanni eignarstýringarviðs, að gera grein fyrir henni.

4. liður dagskrár – Fjárfestingarstefna sjóðsins

Soffía Gunnarsdóttir, forstöðumaður eignastýringar gerði grein fyrir ávöxtun og skiptingu eignasafns fyrir samtryggingardeild, séreignardeild og tilgreinda séreign. Fjárfestingarstefnu undirritaðri af stjórn í nóvember 2022 fyrir samtryggingu, séreign og tilgreinda séreign og um ábyrgar fjárfestingar sjóðsins, leiðin að kolefnahlutleysi og helstu markmið fyrir árið 2023 og 2024.

Eins og þegar hefur komið fram var ávöxtun eignasafnsins döpur á árinu 2022. Hrein eign samtryggingar lækkaði um tæpa 4,5ma.kr. milli ára en hrein nafnávöxtun samtryggingardeildar var neikvæð um 1,5% og var raunávöxtun neikvæð um 9,9% á árinu 2022. Þetta er mikil breyting frá fyrra ári þegar allir eignaflokkar eignasafnsins skiluðu jákvæðri nafn- og raunávöxtun. Árið 2022 var mjög erfitt ár á eignamörkuðum og til samanburðar þá var hrein raunávöxtun íslenska lífeyrissjóðakerfisins neikvæð um tæp 12% á árinu.

Ef litið er á ávöxtun helstu eignaflokka þá eru einungis þrír þeirra sem skila jákvæðri raunávöxtun á árinu og einungis einn af þeim sem skilar raunávöxtun umfram lögbundið viðmið sjóðsins sem er 3,5%. Sérhæfðar fjárfestingar skiluðu jákvæðri raunávöxtun uppá 6,3% á árinu 2022, skuldabréf fyrirtækja skila 0,2% og fasteignaveðtryggð skuldabréf skila 0,3% raunávöxtun.

Soffía fór yfir samanburð eignaflokka samtryggingardeildar milli árána 2021 og 2022, hlutfallslega skiptingu eignaflokkanna og eignir í hverjum eignaflokki fyrir sig. Vakti sérstaka athygli á því að hlutfallsleg staða erlendra eigna í eignasafninu stendur í stað milli ára þrátt fyrir um 8 ma.kr. fjárfestingu erlendis á árinu.

Í fjárfestingastefnunni og markmiðssetningu fyrir árið 2023 eru helstu breytingar þær að vægi innlendra hlutabréfa er aukið í 16% úr 13,5% og vægi sérhæfðra fjárfestinga aukið í 9,5% úr 8%. Á móti lækkar hlutfall fasteignatryggðra skuldabréfa, erlendra hlutabréfa og innlána. Fjárfestingastefnuna er að finna á heimasíðu sjóðsins ásamt fleiri upplýsingum um eignasöfnin.

Í séreignardeild og deild tilgreindrar séreignar eru starfræktar þrjár leiðir, innláns-, skuldabréfa- og blönduð leið. Mismunur leiðanna liggur í mismunandi fjárfestingarstefnum eins og lesa má útúr heitum þeirra. Markmiðssetning og fjárfestingarstefna leiðanna helst óbreytt milli árána 2021 og 2022. Á heimasíðu sjóðsins má finna fjárfestingarstefnurnar ásamt upplýsingum um sögulega ávöxtun og skiptingu eignasafnanna.

Eins og kom fram í máli Ólafs áðan þá verður það umfangsmikið verkefni að innleiða nýjar ESB reglur og tilskipanir um flokkunarkerfi fyrir sjálfbæran rekstur fyrirtækja og varðandi upplýsingagjöf í málaflokknum. Ábyrgar fjárfestingar, leiðin að kolefnishlutleysi, er mjög stórt og umfangsmikið verkefni fyrir Birtu sem og aðra sem að þessum málaflokki koma. Starfsfólk í samvinnu við ráðgjafa hefur þegar hafist handa við verkefnið og hefur verið gerð verkáætlun til næstu tveggja ára og ljúkum við fyrsta áfanganum í þeirri vinnu í júní á þessu ári.

Fundarstjóri þakkar Soffíu fyrir og opnaði mælendaskrá fyrir umræðum og spurningum um fjárfestingastefnu Birtu. Engar spurningar komu fram um fjárfestingastefnu sjóðsins og þakkaði fundarstjóri Soffíu aftur fyrir kynninguna.

5. liður dagskrár – Hluthafastefna/eigendastefna sjóðsins

Samkvæmt gr. 6.5.5 í samþykktum Birtu skal gera grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins á ársfundi. Stjórn sjóðsins setur sjóðnum hluthafastefnu og er ekki gert ráð fyrir að hún sé borin undir atkvæði ársfundar.

Hluthafastefnan var síðast endurskoðuð og staðfest á stjórnarfundum Birtu 18. febrúar 2021 en engar breytingar hafa orðið á stefnunni síðan. Stefnan var afgreidd óbreytt á ársfundi 19. maí 2022. Hluthafastefnan (eða „Eigendastefna Birtu“ eins og hún nefnist) er aðgengileg á vefsvæði Birtu.

6. liður dagskrár – Starfskjarastefna sjóðsins

Góðir fundarmenn, samkvæmt gr. 5.8. í samþykktum Birtu skal stjórn setja sjóðnum starfskjarastefnu varðandi starfskjör stjórnenda sem lögð skal fram til samþykktar á ársfundi og birt í ársskýrslu og á vef sjóðsins.

Starfskjarastefnan var afgreidd óbreytt á milli ára á fundum stjórnar þann 23. mars sl.

Starfskjarastefnan er aðgengileg á vef sjóðsins ásamt öðrum fundargögnum.

Þó starfskjarastefnan sé óbreytt milli ára þarf að bera hana upp til atkvæðagreiðslu. Áður en til atkvæðagreiðslu kemur er orðið gefið laust ef einhver vill tjá sig um stefnuna. Engar spurningar komu fram og er stefnan borin undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

7. liður dagskrár – Laun stjórnarmanna og nefnda á vegum sjóðsins

Góðir fundarmenn samkvæmt gr. 6.6 í samþykktum fjallar sérstök nefnd um laun stjórnarmanna og leggur fram tillögur að launum fyrir ársfund.

Fundarstjóri biður Kristján Þórð Snæbjarnarson formann nefndarinnar að koma og kynna tillögu launanefndar.

Nefndin er skipuð þeim Jóhanni Rúnari Sigurðssyni og Kristjáni Þórði Snæbjarnarsyni af hálfu launamanna og Jóni Sigurðssyni og Báru Mjöll Ágústsdóttur af hálfu atvinnurekenda.

Kristján útskýrir að laun stjórnarmanna hafi undanfarin ár eða allt frá stofnun Birtu, verið lätin fylgja þróun á launavísitölu Hagstofu Íslands þannig að laun stjórnarmanna hækki sem nemi 95% af hækkun vísitölnunnar. Nefndin fundaði þann 22. mars sl. og leggur til að halda óbreyttu fyrirkomulagi áfram. Launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 8,4% á viðmiðunartímabilinu frá febrúar 2022 til febrúar 2023. Tillagan hljóðar uppá 95% af hækkuninni eða sem nemur 7,98% hækkun milli ára, upphæðir eru síðan námundaðar að næsta heila eða hálfu þúsundi.

Laun formanns eru tvöföld laun aðalmanns. Laun varamanns eru ein og hálf laun aðalmanns.

Aðalmenn stjórnar: 150.000 kr. (var áður 130.500 kr.)
Formaður stjórnar: 300.000 kr. (var áður 261.000 kr.)
Varaformaður stjórnar: 225.000 kr. (var áður 195.750 kr.)
Varamenn stjórnar: 31.500 kr. (var áður 29.000 kr., mánaðarleg greiðsla en full laun aðalmanns þann mánuð sem setinn er fundur stjórnar)

Launanevnd leggur til að breytingin taki gildi frá og með ársfundi 2023.

Fundarstjóri gefur orðið laust um tillöguna.

Kristján Þórður kveður sér hljóðs og kemur aftur í pontu en á fundarglærunum voru rangar tölur settar fram, þær voru of háar í tilvikum aðalmanna, formanns stjórnar og varaformanns. Rétt tala var hjá varamönnum í stjórn. Réttar fjárhæðir eru eftirfarandi en þær nema 7,98% hækkun milli ára sem er 95% af hækkun launavísitölu Hagstofu Íslands.

Aðalmenn stjórnar: 141.000 kr. (var áður 130.500 kr.)
Formaður stjórnar: 282.000 kr. (var áður 261.000 kr.)
Varaformaður stjórnar: 211.500 kr. (var áður 195.750 kr.)
Varamenn stjórnar: 31.500 kr. (var áður 29.000 kr., mánaðarleg greiðsla en full laun aðalmanns þann mánuð sem setinn er fundur stjórnar)

Orðið er þá aftur gefið laust um tillöguna en engar spurningar komu fram og var tillagan borin undir atkvæði. Tillagan er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

8. liður dagskrár – Stjórnarkjör, skv. gr. 5.1

Ný stjórn Birtu lífeyrissjóðs er kynnt en fulltrúar launamanna í stjórn voru kjörnir á kjörfundi fulltrúaráðs launamanna sem fór fram þann 24. apríl sl. Fulltrúar samtaka atvinnulífsins voru skipaðir með skipunarbréfi dagsettu 17. apríl sl.

Á kjörfundi fulltrúaráðs launamanna Birtu fengu J. Snæfríður Einarsdóttir og Jakob Tryggvason umboð til tveggja ára og Garðar Garðarsson umboð til tveggja ára í varastjórn.

- **Aðalmenn valdir af fulltrúum launafólks**

Hrönn Jónsdóttir, til 2024

Örvar Þór Kristjánsson, til 2024

J. Snæfríður Einarsdóttir, til 2025

Jakob Tryggvason, til 2025

- **Varamenn fulltrúa launamanna**

Garðar Garðarsson, til 2025

Bára Laxdal Halldórsdóttir, til 2024

Guðrún Elfa Hjörleifsdóttir og Hilmar Harðarson kveðja stjórn Birtu.

Með skipunarbréfi frá Samtökum atvinnulífsins voru tilnefnd þau Sigurður R. Ragnarsson og Álfheiður Ágústsdóttir til tveggja ára í stjórn og Guðbjörgu Guðmundsdóttur til tveggja ára í varastjórn.

- **Aðalmenn valdir af fulltrúum atvinnulífsins**

Pálmar Óli Magnússon, til 2024

Póra Eggertsdóttir, til 2024

Sigurður R. Ragnarsson, til 2025

Álfheiður Ágústsdóttir, til 2025

- **Varamenn fulltrúa atvinnurekenda**

Guðbjörg Guðmundsdóttir, til 2025

Bolli Árnason, til 2024

Eru þetta rétt kjörnir fulltrúar í stjórn Birtu lífeyrissjóðs.

9. liður dagskrár – Kjör endurskoðanda

Löggiltur endurskoðandi Birtu er Kristinn Kristinsson hjá PwC og hefur hann áritað reikninga Birtu síðan árið 2018. Stjórn leggur til að fenginni umsögn endurskoðunarnefndar að Kristinn verði endurkjörinn. Ekki komu fram aðrar tillögur um endurskoðanda. Kjörið var samþykkt með handauppréttingu og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

10. liður dagskrár – Breytingar á samþykktum sjóðsins sem tóku gildi 1. janúar 2023

Tryggingastærðfræðingur fer nú yfir samþykktabreytingar sem tóku gildi um áramót, breytingar á réttindatöflum. Breytingarnar voru staðfestar á grundvelli heimildarákvæðis í gr. 26.3 í samþykktum Birtu:

26.3 Stjórn lífeyrissjóðsins er heimilt að gera breytingar á samþykktum sjóðsins án þess að bera þær undir ársfund eins og mælt er fyrir um í gr. 26.4, ef þær leiða af ófrávíkjanlegum ákvæðum laga eða reglugerða. Ef stjórn sjóðsins nýtir heimild samkvæmt ofangreindu skal hún gera grein fyrir henni á næsta ársfundi.

Fundarstjóri býður Bjarna Guðmundsson tryggingastærðfræðing í pontu til að fara yfir breytingarnar, ástæðurnar fyrir þeim og þeirri útfærslu sem var valin.

Breytingarnar voru samþykktar af fjármálaráðuneytinu í desember 2022 og samþykktar af stjórn og eins og komið hefur fram ekki lagðar fram til samþykktar á ársfundi eins og hefðbundið er. Byggir þar á frávíkisaðferð sem heimilt er að styðjast við eins og kemur fram í gr. 26.3 í samþykktum Birtu. Stjórn gerði breytingar á ákvæðum samþykktar um réttindaöflun, sem fengu eins og áður sagði staðfestingu fjármálaráðuneytisins í desember og gildistaka var 01.01.2023.

Bjarni gerði grein fyrir því hvaða ófrávíkjanlegu ákvæði laga eða reglugerða það voru sem knúðu til þeirra breytinga sem voru gerðar og aðdraganda þess.

Aðdragandinn er sá að í árslok 2021 gefur fjármálaráðuneytið út breytingu á þeim dánar- og eftirlifendatöflum sem lífeyrissjóðir skulu styðjast við þegar skuldbindingar vegna lífeyrisréttinda eru metnar. Þessar breytingar voru gerðar að tillögu Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga og rétt að

taka fram að þessar nýju forsendur voru notaðar við tryggingafræðilega úttekt sjóðsins fyrir árið 2021. Afleiðingin var hækkun á mati skuldbindinga vegna eftirlaunaréttinda.

Áhrifin á stöðu Birtu í lok árs 2021 voru þær að halli framtíðarskuldbindinga varð neikvæður um 8,9% en heildarstaða sjóðsins var neikvæð um 2,5%. Sú staða var vel innan leyfðra marka laga um lífeyrissjóði en í 39gr. l. nr. 129/1997 segir að ekki þurfi að grípa til aðgerða nema ef heildarstaða sjóðs sé +/- 10% eitt ár eða +/- 5% fimm ár í röð. Þó að staða sjóðsins hafi ekki farið á skjön við þessa grein laganna er í samþykktum Birtu ákvæði sem segir að á hverjum tíma skuli við það miðað að iðgjöld standi á hverju aldursskeiði undir þeim réttindum sem veitt eru með réttindatöflum sjóðsins.

Ákvæðið er svohljóðandi

11.3 Á hverjum tíma skal við það miðað að iðgjöld standi á hverju aldursskeiði undir þeim réttindum sem veitt eru með réttindatöflum sjóðsins ef miðað er við þær forsendur sem notaðar eru við tryggingafræðilega athugun sjóðsins. Myndist misræmi þar á milli vegna breyttra reikniforsenda, skal stjórn sjóðsins í samráði við tryggingafræðing sjóðsins gera tillögu um nýjar réttindatöflur sem lagðar skulu fyrir ársfund til samþykktar. Í tillögunni skal kveðið á um gildistökudag taflnanna og hefur slík breyting réttindataflna ekki áhrif á þau réttindi sem áunnist hafa fyrir gildistökudag hinna nýju taflna.

Það er ljóst að það þurfti að grípa til aðgerða og gera nýjar réttindatöflur því að staðan m.v. nýjar lífslíkur var sú að iðgjaldið stóð ekki undir réttindaöfluninni. Hefðbundið ferli hefði verið að vinna þessar tillögur og leggja þær fram á ársfundi til samþykktar. Stjórn taldi nauðsynlegt að grípa strax til aðgerða og Fjármálaeftirlit Seðlabanka kynnti sjóðnum sömu afstöðu.

Í 1.mgr 27.gr laga um lífeyrissjóði segir

„Samþykktir lífeyrissjóðs skulu við það miðaðar að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar“ Réttindakerfið má ekki vera þannig að ekki sé hægt að fjármagna það með iðgjöldunum.

Það er ljóst að um 9% halli á réttindaöflun lífeyrissjóðs myndi leiða til þess að sjóður geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Samþykktir Birtu fyrir breytinguna uppfylltu því ekki megin ákvæði laga um lífeyrissjóði nr. 129/1997. Eins og áður segir þá kynnti Fjármálaeftirlit Seðlabankans sjóðnum þá skoðun sína í bréfi að sjóðurinn þyrfti að bregðast við þessum halla á framtíðarskuldbindingum og aðlaga réttindatöflurnar að nýjum forsendum. Stjórn lagði fram í nóvember 2022 breytingu á réttindaákvæðum sem uppfylltu ákvæði greinar 11.3 í samþykktum sjóðsins og ákvæði greinar 27.1 í lögum um lífeyrissjóði. Breytingarnar fóru auk þess að ábendingu Fjármálaeftirlitsins. Samþykkti stjórnin þessar breytingar og tóku þær gildi 01.01.2023 með vísan í þessa frávíkshemild að þetta sé heimilt ef þær leiða af ófrávíkjanlegum ákvæðum laga eða reglugerða sem nú hafa verið kynntar.

Samþykktir Birtu veita skýra leiðsögn um hvernig samþykktunum skyldi breytt með vísan í grein 11.3 í samþykktunum að á hverjum tíma skal við það miðað að iðgjöld standi á hverju aldursskeiði undir þeim réttindum sem veitt eru með réttindatöflum sjóðsins.

Útfærsla breytinganna er sú að nýju reikniforsendurnar sem notaðar eru við mat á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins er mismunandi eftir fæðingarári og því verður réttindakerfið að miðast við fæðingarár svo unnt sé að tryggja að iðgjöld standi undir réttindum á hverju aldursskeiði. Tillögur að breyttu réttindakerfi felast þess vegna í sérstakri réttindatöflu fyrir hvern fæðingarárgang frá fæðingarári 1955 til fæðingarárgangs 2015.

Nýjar réttindatöflur miða áfram við að taka lífeyris hefjist við 67 ára aldur.

Réttindaöflun í nýju töflunum lækkar nokkuð en rétt að benda á að iðgjaldið hefur hækkað á mótí þannig að framtíðariðgjald verður hærra hlutfall en áður. Fyrir aldursbilið 25-64 ára sem notað er sem mælikvarði réttindaöflunar lækkar réttindaöflun fyrir jafna greiðslu iðgjalda yfir tímabilið um 14-15% fyrir árgangana 1998 – 2012. En réttindaöflun þeirra verður 10-11% hærri með 15,5% iðgjaldi en var samkvæmt fyrra réttindakerfi miðað við 12% iðgjald.

Þessar breytingar eiga eingöngum um framtíðarávinning, þær breyta engu um áunnin réttindi.

Fundarstjóri þakkaði Bjarna fyrir kynninguna og gaf orðið laust ef einhverjar spurningar væru um þennan lið. Engar spurningar komu fram og heldur dagskrá fundarins áfram.

11. liður dagskrár – Önnur mál

Samkvæmt gr. 6.5 í samþykktum þurfa tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, að berast stjórn eigi síðar en viku fyrir ársfund. Engin tillaga barst að þessu sinni.

Þrátt fyrir að ekki séu önnur mál á dagskrá löglega fram borin er orðið hér laust ef einhver vill kveða sér hljóðs. Hér er vettvangur til að bera upp spurningar en ekki er tími fyrir langar ræður.

Engar spurningar komu fram að þessu sinni og mælendaskrá er lokað.

Hrönn kemur í pontu. Það eru að verða breytingar í stjórn en Hilmar Harðarson og Guðrún Elfa Hjörleifsdóttir eru að fara út stjórninni að þessu sinni. Hrönn þakkar þeim fyrir vel unnin störf og samstarfið í gegnum árin. Hilmar og Elfa koma í pontu og þakka sömuleiðis fyrir samstarfið í gegnum árin.

Þá er komið að lokum ársfundarins. Fundarstjóri tekur undir þakklæti til fráfarandi stjórnarmanna og óskar eftir heimild til handa fundarstjóra og fundarritara til að ganga frá fundargerð síðar og birta hana síðan á vef Birtu. Upplýsti hann um að ný stjórn myndi funda strax að loknum ársfundi og skipta með sér verkum, venju samkvæmt. Á heimasíðu sjóðsins verður sömuleiðis aðgengileg upptaka af fundinum.

Engar athugasemdir bárust um þessa málsferð.

Fundarstjóri þakkaði sjóðfélögum og starfsfólki fundarins fyrir góðan fund og sagði ársfundi Birtu lífeyrissjóðs 2023 slitið, fundi var slitið klukkan 18:45.



Ingi S. Ólafsson, fundarstjóri



Sigurbjörn Einarsson, fundarritari